

LISTIR

HVÖRF

SJÓNMENTAVETTIVANGUR

Teikn eru á lofti um að samræðan verði til muna meiri, hvassari og almennari en fyrrum, er álit **Braga Ásgeirssonar**, sem tekur hér til meðferðar staðsetningu Listaháskólans og viku af gefnu tilefni að ýmsum staðreyndum um málarað Jón Stefánsson.


Í UPPHAFI nýrrar stóraldar er margt sem brennur á í íslensku myndlistarlífi, teikn á lofti um að samræðan verði til muna meiri og almennari en fyrrum. Horfir mjög í rétta átt, tengir okkur meir alþjóðlegri vitund en nokkrar afmarkaðar nýstefnur og snöggsöðin stílbrögð frá útlöndinu sem hafa átt svo greiðan aðgang hingað á skerið úti á Ballarhafi.

Líkt og margoft hefur verið vísað til í vettvangsskrifum mínum, er samræðan, Dialogan, afar lífleg og skorinorð vestan hafs sem austan. Viða á Norðurlöndum hefur umræðan verið á suðupotti um árabíl og í Þýskalandi sem er mesta safnaland álfunnar er óspart deilt á hlutina og stjórnumarskipti tíð. Gangi hlutirnir ekki eftir eins og væntingar stóðu til er óhikað spurt hversu valdi og farið í saumana á ástæðunum, málum velt fyrir sér tæpingungalaust, fram og aftur. Er eðlilegasti hlutur undir sólinni vegna þess að hér er um skattpeninga almennings að ræða, um leið hagsmunir starfandi myndlistamanna. Hlut-

lægni og aðhald þannig mál málanna, einstefna og hlutdræg markaðssetning þróngsýnna hagsmunahópa skulu síður ráða för.

Staðsetning Listaháskólans hefur vakið upp meiri og líflegri umræður en ég man eftir frá orustunni að Klömbum, þ.e. Kjarvalsstaðadeilunni, og þátttökan almennari, enda hagsmunir margra listgreina í húfi. Sallaklart að núverandi húsnæði er afar óhentugt, í það minnsta hvað myndlistina snertir, og var til skamms tíma hættulegt heilsu manna, þannig mjög ámælisvert að troða frjálsu deildum MHÍ þangað á sínum tíma. Hef fengið það staðfest, að enginn framhaldsskóli annar hefði látið bjóða sér húsnæði án gagngerðra endurbóta innan húss sem og á lóðinni, og að það hefði naumast staðist gagngera skoðun heilbrigðis-yfirvalda ef þau hefðu verið kölluð til.

Mikill miskilningur að staðsetning, stærð og ummál húsa marki gæði þeirra sem listastofnana, hitt jafnalgengt að því sé öfugt farið og mætti nefna hér sem dæmi Listakademíuna



Ljósmynd/Bragi Ásgeirsson

Jón Stefánsson, 1881–1962, Skarðsfjall, 1944, olía á léreft. Ekki ber þessi mynd vott um vankunnáttu í í teiknlist né að málaraðnum hafi verið ókunnugt um vægi svipmikillar burðargrindar.

í Ósló þegar hún var til húsa bakatil í Kunstnerenes hus á Wergelandsveien, þó enn frekar Art Students League á 58. götu í New York, þar sem fjöldi nafntogudustu myndlistamanna Ameríku steig sín fyrstu spor, allt frá Georgiu O'Keeffe (1908-12) til Jackson Pollock (1930-33) svo einhverjir séu nefndir. Hvorki staðsetning né stærð skiptir höfuðmáli heldur starfsandinn, andrúmið innan dyra, að bæði nemendur sem kennarar geti notið sín í leik og starfi.

Hef af stakri athygli fylgst með umræðunni um staðsetningu skólans, einkum upplifgandi að miklu fleiri

taka til máls en aðstandendur hans, jafnvel nokkrir nemendur. En mér kemur spansk fyrir sjónir, að svo er sem meginveigurinn virðist liggja í sjálfri staðsetningu skólans, og miðbæjarkjarninn sé á óskalista ráðamanna hans. Vissulega hef ég margoft vísað til þess í skrifuðum mínum að fagurlistaskólar eru iðulega staðsettir í miðbæjarkjörnum stórborga, og hafi svo verið um aldir, en þá var ég öðru fremur að vísa til þeirrar virðingar sem menntunargrunnurinn hefur notið og nýtur enn. En „listin þrífst hvar sem er“ eins og lesa gat í fyrirsögn mjög athyglisverðrar

greinar myndlistarkonunnar Hildar Margrétardóttur hér í blaðinu á dögunum, þar sem hún fer á skeggaran og heilbrigðan hátt í saumana á hlutnum. Vekur jafnframt athygli á kostum núverandi staðsetningar, og það hafði Gunnar Karlsson prófessor einnig gert í ágætri grein í Dagblaðinu 19. febrúar og tek undir allar röksemdir þeirra. Bið svo almættið að blessa prófessorinn fyrir að mótmæla hugmyndinni um staðsetningu skólans á Miklatúni, nær væri að endurbýggja Klambabýlið og reisa minnisvarða um stórbýlið Sunnuhvol, jafnframt fá aftur mishæðirnar á

MYNDLIST

Ásmundarsafn

FJÖLL RÍMAR VIÐ TRÖLL. PÁLL GUÐMUNDSSON FRÁ HÚSAFELLI

Sýningin er opin daglega frá kl.13–16. Sýningin stendur til aprílloka.

FJÖLL rímar við tröll er heiti sýningar Páls Guðmundssonar frá Húsafelli sem þessa dagana stendur yfir í Ásmundarsafni. Á sýningunni teflir Páll fram steinmyndum frá sl. tveimur áratugum. Í anddyrinu er eldri verkum hans komið fyrir í miklu návígi hvert við annað á meðan nýrri verkin breiða úr sér í sölu safnsins og ekki hægt að segja annað en að þau sómi sér þar vel innan um verk Ásmundar Sveinsonar.

Yfir steinmyndum Páls hvílir viss fortíðarandi og minna verkin ýmist á klassískar höggmyndir, byzantínskar veggmyndir sem og forsögulega eða frumstæða list. Fornminjasöfn koma gjarnan upp í hugann er hrjúfur steinninn er skoðaður og myndirnar sem brjótast fram úr grjóttinu, sem að öðru leyti er óunnid, virðast gefa niðurbrot tímans til kynna.

Myndir Páls teljast þó engan veginn til eftirlíkinga þótt þær kunni að koma kunnuglega fyrir sjónir. Efniviðurinn, og oft á tíðum viðfangsefnið, er rammíslenskur og vinnustaðurinn á fátt sameiginlegt með erlendum söfnum – heldur eru heimkynni hans, líkt og efniviðarinn, bæjargilið á Húsafelli og verur Páls koma beint úr steininum líkt og listamaðurinn hafi leyst þær úr árbúsundalöngum fjórum.

Það er kannski þessi eiginleiki verkanna sem veitir þeim þetta forna yfirbragð en hæfni Páls til að vinna með miðli sínum og efnivið í stað þess að þvinga hann að sínum hugmyndum á þar ekki síður hlut að máli.

Borðsamlokur, líparítverk frá árunum 1996–2000, taka á móti gestum í fremsta sal Ásmundarsafns. Borðsamlokurnar, steinflögur með

Verurnar í grjóttinu



Ísbjörn (1996), líparítverk eftir Pál Guðmundsson frá Húsafelli.

Morgunblaðið/Jim Smart

andlitsmyndum, hafa yfir sér jafnt klassískt, byzantínskt sem og rammíslenskt yfirbragð. Gulbrúnn litur steinsins hentar verkunum vel og blíðlegir klassískir andlitsdrættir öldungs og ungrar konu ala á fortíðarandanum á meðan auðþekjanlegur prófíll Nóbelskaldsins Halldórs Laxness færir sýningargesti umsvifalaust aftur til nútímans.

Flautuleikari, flikrubergrverk frá 1992, býr einnig yfir klassísku yfirbragði sem reyndar er nokkuð einnennandi fyrir flikrubergrverkin á meðan líparítverkin virðast frekar móta tengsl við byzantínska list.

Hrokkinhærður flautuleikarinn er í klassískri stöðu þar sem hann brýst að hluta út úr hrjúfu berginu og er liðað hár hans í beinni samsvörum við óslétt bergið. Verkið marar þá á mörkun lágmyndar og skúlptúrs og falla óljós mörkin vel að stíl Páls.

Viðfangsefnið í Hrut, flikrubergrverki frá 1996, er öllu íslenskara og á svipuð vinnuaðferð og við gerð Flautuleikarans hér hvað stærstan þátt í klassískum einkennum verksins. Bergið er þó öllu ómótaðra og á stundum getur hrúthausinn virst hverfa inn í fjölugráleitan steinninn og verður yfirbragð verksins fyrir

vikið öllu meira í ætt við frumstæða list. Ísbjörn, líparítverk frá sama ári, er á sömu frumstæðu nótnum. Lögun steinsins sér þar um að móta stórt höfuð ísbjarnarinn, sem starir út úr grjóttinu með hvassar vígtennur og æðisglampa í augum.

Það er allt annars konar frumstæðni sem einkennir Steinhörpu Páls. Einfalt útlit og uppbyggging hörpunnar, trjádrumbar sem á hafa verið festar steinflögur, leiðir hugann að forsögulegum tíma og fyrstu tilraunum til tónlistariðkunar. Áralöng leit listamannsins að steinflögum sem byggju yfir rétta hljóm-

inum gerir verkið þó mun þróaðra og ljóst að tilviljanir hafa hér fengið engu ráðið líkt og hljómur hörpunnar er til vitnis um.

Sýningin Fjöll rímar við tröll býr yfir tölverðri fjölbreytni þótt efnistakan fari öll fram á einum stað. Verk Páls virðast til að mynda hafa tekið nokkrum breytingum í tímans rás. Er höfuðmyndirnar í anddyri safnsins eru skoðaðar má sjá að Páll hefur við gerð þeirra unnið steinninn töluvert meira en í síðari verkum sínum. Verkin Hallsteinn og Gamall maður eru ágætis dæmi um þetta en höfuðmyndirnar eru allar frá níunda áratug síðustu aldar. Hér er samvinna listamanns og efniviðar minni en síðar hefur orðið og ekki annað að sjá en að Páli finnst þörf á að móta steinmyndir sínar nokkuð ítarlega því hér er ímyndunaraflinu ekki látið eftir sama rými og annars staðar.

Verur Páls eru gjarnan bæði þessa heims og annars og ekki laust við að huldúfolk, tröll og forynjur komi upp í hugann í Ásmundarsafni. Steinninn, sem verkið Sörli er heigður Húsafells í túni, stærsta verk sýningarinnar, er gert á, hefði til að mynda sómað sér vel sem álfa-steinn. Í ljósgrátt og brúnleitt bergið hafa verið mótaðar tvær myndir og sýnir önnur þeirra andlit tröllslegt að yfirbragði og stærð á meðan á hinna hlið steinsins má sjá höfuð Sörla. Hesthausinn er öllu óljósari í mótun en hin myndin, áferðin léttari og loftkenndari líkt og gefið sé þar til kynna að Sörli sé nú allur.

Eina verk Páls á sýningunni, sem ekki er unnið úr steini, er vatns-litamýndin Fjallahringur. Verkið nýtur sín vel á bogadregnum vegg og breiðir fjallahringur Húsafells þar úr sér á níu metra löngum fletinum. Bjartir litir ná að kalla fram íslenska náttúru á heiðskírur og köldum haustdegi og þjónar fjallahringurinn því skemmtilega hlutverki að færa Húsafell inn í Ásmundarsafn. Steinmyndirnar falla þar með að nokkru aftur inn í sitt náttúrulega umhverfi þrátt fyrir marmaragólf og hvíta vegg safnsins og andlitin í grjóttinu öðlast aukid líf.

Anna Sigríður Einarsdóttir